



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 7. maí 1987.

Fundur skólanefndar F.S. 22. apríl 1987.

Mættir: Guðmundur Bj., Hjálmar, Ingólfur H., Ingimundur, Bogi, Jón G., Guðjón, Eggert, Helgi E.

1. Fjárlagatillögur:

Skólameistari lagði fram fjárlagatillögur fyrir fjárlagaárið 1988. Fylgdi hann þeim úr hlaði með skírskotun til fyrri fjárlaga og nefndi að iðulega hefðu ýmsir liðir verið skornir niður af ráðuneytinu, án þess að samráð væri haft við skólann. Nú ætti hins vegar að freista þess að koma í veg fyrir slíkt og því hefðu tillögurnar verið sendar inn til ráðuneytisins fyrir tilsettan lokatíma. Hefði Hermann Jóhannesson gefið skólameistara vilyrði um að hann fengi að sjá endanlegar tillögur ráðuneytisins áður en þær færu frá því. Kvað skólameistari að skólinn hefði iðulega á undanförnum árum farið fram úr greiðsluáætlun, jafnvel þó skólinn héldi sig innan uppgefins kennslumagns. Þetta hefði svo ítrekað leitt til vandræða með framlag ríkissjóðs til rekstrar. Þá lýsti skólameistari áhyggjum af lágrí fjárveitingu til tækjabúnaðar á liðnum árum, en slíkt kæmi fyrst og fremst niður á iðnfræðslunni. Ennfremur benti Hjálmar á takmarkað fé til viðhalds, en afleiðing þess væri m.a. sú að skólahúsnæði væri orðið óaðlaðandi og lægi undir skemmdum. Í niðurstöðutölum væri tekið tillit til aukningar í rekstri vegna stækkunar á húsnæði.

Fjárlagatillögurnar eru byggðar á þeim forsendum að nemendafjöldi á næstu önn verði 661, en auk þess er um aukið námsframboð að ræða s.s. skipstjórnarbraut, vélstjórnarbraut og sjúkraliðabraut. Að öðru leyti kom það fram að fjárlagagerðin væri fyrst og fremst rútínuvinna.

Niðurstöður fjárlagnatillagna eru kr. 60.302.000.- og skiptast þannig milli liða:

Kennslulaun:	40.609.000.-
önnur laun:	2.881.000.-
annar rekstur:	7.002.000.-
viðhald:	3.460.000.-
eignakaup:	1.350.000.-
viðbygging:	5.000.000.-

Tillagan var síðan samþykkt óbreytt.

2. Kennararáðningar.

Hjálmar fylgdi þessu máli úr hlaði með nokkrum orðum um nýsett lög um starfsverndun kennaraheitisins. Þar kom fram að einungis þeir kennarar sem hefðu full réttindi hefðu rétt til að bera heitið kennari. Þeir kennarar sem kennt hefðu fjögur ár eða meir, en hefðu ekki full réttindi, fengju undanþágu þar til þeir hefðu aflað sér fullra réttinda. Þeir

réttindalausur kennarar sem ekki væru búnir að kenna í full fjögur ár þyrftu að fá sérstaka undanþágu. Væri svo um nokkra góða kennara við skólann og gat hann sérstaklega þeirra Björns Örvars og Unnar Þorsteinsdóttur. Einungis tveir kennarar hefðu ekki sótt um endurráðningu, en það væru þeir Jóhannes Helgason og Jón Valdímarsson.

Mælt var með ráðningu eftirtalinna kennara:

a) Með full kennsluréttindi:

Anna Lea Björnsdóttir,	skipun í 1/1 stöðu,
Arnbjörn Jóhannesson,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Kristinn Kristjánsson,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Þór Stefánsson,	endursetn. í 1/1 stöðu,

b) Án fullgildra réttinda, en hafa kennt í 4 ár eða lengur:

Alda Jensdóttir,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Borgþór Arngrímsson,	endursetn. í 3/4 stöðu,
Gísli Torfason,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Gunnar Bergmann,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Gunnar Þórarinnsson,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Helgi Eiríksson,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Magnús Ó. Ingvarsson,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Sigríður Bílddal,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Sumarrós Sigurðardóttir,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Svanhildur Kjær,	endursetn. í 1/1 stöðu,

c) Óskað eftir undanþágu:

Björn L. Örvar,	endursetn. í 1/1 stöðu,
Unnur Þorsteinsdóttir,	endursetn. í 1/1 stöðu,

d) Eftirtaldir kennarar sóttu um en skv. lögum verður að biða með endurráðningu þeirra þar til stöður hafa verið auglýstar:

Axel G. Sigurbjörnsson, Guðmundur Björgvinsson, Kristján P. Ásmundsson, Oddný G. Harðardóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Samþykkt var að óska eftir því við Menntamálaráðuneytið að auglýstar yrðu lausar til umsóknar eftirtaldir stöður: Faggreinar rafiðna, faggreinar hársnyrtibrautar, efnafræði, enska, íslenska, líffræði, stærðfræði og viðskiptagreinar.

Verði undanþágur Björns Örvars og Unnar Þorsteinsdóttur heimilaðar er ekki þörf á að auglýsa stöður í líffræði.

3. Málmiðnaðarbraut.

Rætt um málmiðnaðarbraut og ákveðið að fresta frekari umræðum til næsta fundar.

4. Önnur mál:

- a) Skólaakstur: Ákveðið að hætta akstri um Keflavík frá og með næstu önn, vegna ónógrar nýtingar.
- b) Námskrá: Sagt frá útkomu nýrrar, samræmdrar námskrár fyrir alla framhaldsskólana í landinu. Prenta þarf sérstakan námsvísi fyrir skólann fyrir n.k. valdag.
- c) Ræsting: Sú hugmynd kom fram að fela nemendum umsjón með ræstingu í skólanum. Ýmsar efasemdir komu fram, en skólameistara falið að kanna málið frekar.
- d) Skólaslit: Stefnt að skólaslitum í Sandgerði þann 23. maí n.k. Guðjóni falið að kanna málið.
- e) Aukakennsludagar: Grein gerð fyrir aukakennslu vegna kennaraverkfallisins í mars. Níu dagar af ellefu bættir upp.
- f) Tölvuver: Rætt um uppkomnar hugmyndir um að setja á stofn sjálfstætt tölvuver innan skólans. Vel tekið í hugmyndina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.



Helgi Eiríksson,
fundarritari.